Á Íslandi eru reglulega framkvæmdar kannanir meðal grunnskólanema um menningu, tólmundur og íþróttaiðkun. Í rannsókninni frá 2006 var þátttaka unglunga í íþrótt- og tólmundastarfi greind eftir því hvernig unglungarnir mátu fjárhagslega stöðu fjölskyldunnar. Í ljós kom að unglungar í 9. og 10. bekk sem töldu fjölskyldu sína standa verr, fjárhagslega, samanborið við aðrar fjölskyldur, voru ólíklegri til að stunda skipulegt íþróttastarf en þeir unglungar sem töldu fjölskylduna álíka vel eða betur stæða en aðrar (Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigurðsson, 2006). Þessar niðurstöður benda til að fjárhagur fjölskyldu tegist líkum á því að unglungar stundi skipulagt íþróttastarf. Þó ber að hafa í huga að greiningin byggir á mati unglunganna sjálfra á því hvernig fjárhagur fjölskyldunnar stenst samanburð við aðrar fjölskyldur á Íslandi.

Í rannsókn Rannveigar Traustadóttur (2011) kom í ljós að bág fjárhagsstaða bitnaði á börnum foreldra úr hópi öryrkja. Foreldrar lögðu áherslu á að börnin gætu tekið þátt í frístundastarfi en áttu oft erfitt með að standa straum af þeim kostnaði og lítið var um að þeir gætu leyft sér að sækja skemmtanir eins og kvikmynd- og leiksýningar.

Bág fjárhagsstaða forsjáraðila hefur þó einnig óbeinar afleiðingar á börn. Líf og aðstæður barna sem búa við fátækt er um margt frábrugðið lífi annarra barna og framtíð þeirra kann að litast af þeim aðstæðum sem þau búa við. Til dæmis hefur verið sýnt fram á tengsl fjárhagsstöðu og andlegrar og líkamlegrar heilsu (Jefferis, Power og Hertzman, 2002) og að gengi barna í námi sé

háð fjárhag foreldra (Ermisch, Francesconi og Pevalin, 2001). Flestar rannsóknir á áhrifum félags- og efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar á líðan og gengi barna hafa verið framkvæmdar í Bandaríkjum. Vert er þó að nefna sænska rannsókn á langtímaafleiðingum þess að búa við fjárhagsvanda á börn. Rannsóknin náði til ríflega 70% allra sænskra barna sem fæddust á árunum 1975-1990 og voru afdrif þeirra metin eftir því hvort foreldrarnir höfðu fengið félagslega aðstoð á árunum 1990 til 1992 eða ekki. Rannsakendur skoðuðu tölur um innlagnir vegna sjálfsvígstílauna og áfengis- og fíkniefnanotkunar, námsárangur og könnuðu hvort börnin nýttu sér félagslega aðstoð eftir að komið var fram á fullorðinsár. Í ljós kom að börn sem tilheyrðu fjölskyldum þar sem forsjáraðili hafði fengið félagslega aðstoð í meira en eitt ár, bjuggu við lakari heilsu en önnur börn. Dauðsföll meðal þessara barna voru algengari en meðal annarra og þau voru einnig líklegri til að hafa gert tilraun til sjálfsvígs og að misnota áfengi og fíkniefni. Þá stóð þessi hópur barna sig verr í námi en önnur börn og einnig í samanburði við börn lágtekjuforeldra sem ekki þáðu félagslega aðstoð. Yfir fjórðungur ungmenna sem ólst upp við að foreldri þáði aðstoð í lengri tíma, hafði einungis lokið skyldunámi en hið sama átti við um einungis 4% ungmenna sem höfðu ekki búið við að forsjáraðili fengi félagslega aðstoð. Loks kom í ljós að auknar líkur voru á að börnin þæðu sjálf félagslega aðstoð þegar þau voru komin yfir tvítugt, ef forsjáraðili hafði þegið aðstoð í lengri tíma (Weitof o.fl., 2008).

Upplifun barna af að búa við fátækt

Fræðimenn á sviði félagsvísinda hafa bent á mikilvægi þess að rannsaka daglegt líf fátæks fólks til að unnt sé að skilja hvernig fátækt mótar líf fólks og aðstæður. Í þessu sambandi hefur verið bent á of mikil áhersla sé lögð á að rannsaka framtíð þeirra sem búa við fátækt í æsku. Of lítið sé gert af því að skoða hvernig börn upplifa það að alast upp við bág kjör í stað þess að einblína á barnið sem þjóðfélagsþegn framtíðarinnar. Samkvæmt Tess Ridge (2005), ættu rannsakendur í auknu mæli að reyna að koma auga á þá þætti sem skipta börnin sjálf mestu máli í þeirra daglega lífi.

Í írskri rannsókn, sem byggir á eigindlegum viðtölum við 28 börn, kom í ljós að það sem skipti fátæk börn mestu máli var að fá ást og umhyggju foreldranna og það að falla í jafningjahópinn. Til þess að geta eignast vini og öðlast stöðu meðal jafningja þótti mikilvægt að geta eignast samskonar föt, skó og skólatösku og önnur börn. Sumum var strítt á grundvelli þess að þau voru ekki nógu fínt klædd. Stríðnin átti oftast en ekki sér stað í skólanum og í þeim tilvikum báru börnin neikvætt viðhorf til skólans og voru ákveðin í að hætta í skóla. Þrátt fyrir að fjölskyldan teldist fátæk, þá klæddust börnin yfirleitt fötum sem þau sjálf höfðu valið. Sum söfnuðu sér sjálf fyrir fötum með því að passa börn og önnur þrýstu á að fá pening frá foreldrum fyrir merkjavöru. Þrátt

fyrir bága fjárhagsstöðu, reyndu foreldrar þeirra því að tryggja að börnin skæru sig ekki úr (Daly og Leonard, 2002).

Vinna gegn fátækt

Hugtakið félagsauður (*e. social capital*) vísar til mikilvægi félagslegra samskipta fyrir þjóðfélagið. Putnam (2000) skilgreindi hugtakið sem menningarlegt fyrirbæri. Í skrifum hans er félagsauði lýst sem ákveðnum þáttum félagsskipunar sem geta bætt skilvirkni samfélagsins með því að stuðla að samhæfðum athöfnum. Félagssauðurinn stuðlar því að meiri starfshæfni samfélaga. James Coleman (1988), nálgadist hugtakið út frá nokkuð öðrum hætti. Að mati Coleman samanstendur félagsauður af eðli tengsla milli fólks. Félagssauður byggir ekki á þeim viðmiðum og gildum sem lærast í gegnum félagsmótun, eins og felst í skilgreiningu Putnam, heldur er um að ræða bjargir, sem einstaklingar geta nýtt sér til framdráttar. Félagssauðurinn felst því í tengslum. Þegar fólk tilheyrir félagsneti öðlast það aðgang að ýmsum björgum og auðveldara verður fyrir það að takast á við ýmis verkefni. Þetta geta verið verkefni á borð við það að fá starf eða að verða sér úti um húsnæði.

Á síðustu árum hefur hugtakið félagsauður gengt æ veigameira hlutverki þegar kemur að því að draga úr fátækt. Þetta er gert með því að skoða hvaða bjargir eru fólki mikilvægar til að losna úr viðjum fátæktar, því eins og Dahl, Fløtten og Lorentzen (2005) hafa bent á, þá eru minni líkur á að fátækt fólk hafi tök á að bæta fjárhagsstöðu sína, ef það hefur ekki aðgang að ólíkum félagsnetum í samfélaginu. Í því sambandi hafa stefnumótandi aðilar bæði einblínt á tengsl innan félagsneta (*e. bonding*) og tengsla milli ólíkra hópa (*e. bridging*). Í rannsókn Dahl, Fløtten og Lorentzen (2005) á félagsauði og fátækt í Noregi, kom í ljós að fátækt fólk þar í landi hefur sterkt félagsnet og hittir vini og ættingja að jafnaði oft en fólk sem býr við betri fjárhagsstöðu. Aftur á móti benda niðurstöður til mikilvægi þess að styrkja tengsl þeirra sem búa við fátækt við aðra hópa í samfélaginu (*e. bridging*). Í ljós kom að minni líkur eru á að fátækt fólk taki þátt í ýmsum borgaralegum athöfnum en fólk sem er með tekjur yfir skilgreindum mörkum. Í rannsókninni var þátttaka í borgaralegum athöfnum könnuð með því að spyrja fólk hvort það tæki þátt í sjálfböðastarfi, væri meðlimur í íþróttafélagi, félagasamtökum eða kristilegum samtökum.

Með því að styrkja félagstengsl fólks og auka virkni þess aukast möguleikar þess á að hafa áhrif á eigið líf. Það má því segja að aukinn félagsauður og valdefling fylgist að. Í valdeflingu felst mikilvægi þess að fólk eflir hæfni sína, öðlist aukna þekkingu og skilning á umhverfi sínu og leggi rækt við samfélagið sem það býr í (Turner, 1996). Fólk á að hafa aðgang að þekkingu og geta haft áhrif á samfélag sitt með því að sinna verkefnum sem það sjálft telur vera mikilvæg. Ivar

Lödemel (2009) hefur fært rök fyrir því að velferðarríki samtímans ættu að leggja áherslu á úrræði í velferðar- eða félagsþjónustu sem efla þátttöku og ábyrgð fólks í gegnum virkni og þátttöku í atvinnulífinu.

Rannsókn fyrir Velferðarsvið Reykjavíkur

Fram hefur komið að fólk sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna tilheyrir tekjulægstu hópum samfélagsins. Í ljósi þeirra djúpstæðu áhrifa sem fátækt hefur á börn, þótti mikilvægt að framkvæma rannsókn meðal barnafjölskyldna á Íslandi sem eiga það sameiginlegt að framfleyta sér á lágum tekjum. Að beiðni Velferðarsviðs Reykjavíkur gerðu Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun á stöðu reykvískra barnafjölskyldna. Rannsóknin beindist að Reykvíkingum með börn á framfæri sem framfleyttu sér með fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og reykvískum foreldrum á atvinnuleysisbótum. Til þess að geta borið aðstæður þessara fjölskyldna saman við fjölskyldur þar sem foreldrar stunda launaða vinnu, var einnig framkvæmd könnun meðal foreldra á vinnumarkaði. Eitt af markmiðunum var að bera saman félags- og efnahagslega stöðu foreldra eftir því hvort tekjur þeirra væru í formi fjárhagsaðstoðar, atvinnuleysisbóta eða launaðrar vinnu á vinnumarkaði. Sömuleiðis var könnuninni ætlað að veita innsýn í þátttöku reykvískra barna í íþrótt- og tómstundastarfi með það fyrir augum að greina hvort munur væri á þátttöku eftir því hvaðan foreldrar þeirra fá tekjur. Loks var könnuninni ætlað að kortleggja helstu hindranir fyrir því að foreldrar í fjárhagsvanda nýti rétt sinn til þjónustu er snýr að börnunum.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Í nóvember 2011 afhenti Velferðarsvið Reykjavíkurborgar Félagsvísindastofnun lista yfir reykvíska foreldra sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð árið 2011. Á listanum voru nöfn 773 foreldra og var tekið 650 manna slembiúrtak úr þessum hópi. Í kjölfarið var haft samband við Vinnumálastofnun, sem afhenti Félagsvísindastofnun 650 manna slembiúrtak foreldra sem höfðu fengið atvinnuleysisbætur á árinu 2011. Úrtakið frá Vinnumálastofnun var borið saman við úrtak fólks á fjárhagsaðstoð og þess gætt að enginn einstaklingur væri í báðum úrtökum. Sömuleiðis var gengið úr skugga um að könnunin næði einungis til eins aðila frá hverju heimili. Við þennan samanburð þurfti að eyða 78 einstaklingum úr úrtaki fólks sem fékk atvinnuleysisbætur á árinu 2011 og í framhaldinu fékkst listi frá Vinnumálastofnun til að fylla í skarð þeirra sem eytt var úr úrtakinu. Þannig náði könnunin til 650 einstaklinga sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á árinu 2011 og jafnmargra einstaklinga sem fengu greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun á sama tíma. Í skýrslunni eru svör fólks sem þáði fjárhagsaðstoð árið 2011 greind eftir bakgrunni en í viðauka við skýrslu þessa er að finna nákvæma greiningu á svörum þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun árið 2011.

Þann 27. nóvember 2011 var sent bréf til allra í úrtakinu og þeim tilkynnt að senn færi í gang símakönnun um aðstæður reykvískra barnafjölskyldna. Dagana 1. desember 2011 til 3. janúar 2012 var hringt í þátttakendur og þeir beðnir að svara spurningum könnunarinnar í gegnum síma. Í könnuninni var meðal annars spurt um hagi fjölskyldunnar, fjárhagsaðstæður, þátttöku barna í íþrótt- og tómstundastarfi og nám og daggæslu. Fljótlega kom í ljós að nokkuð stór hópur treysti sér ekki til að svara könnunni vegna bágrar íslenskukunnáttu. Í kjölfarið voru spurningar könnunarinnar þýddar yfir á ensku og hringt aftur í þá sem ekki treystu sér til að svara á íslensku. Alls fengust 29 svör við ensku útgáfunni af spurningalistanum en 44 treystu sér hvorki til að svara á íslensku né ensku.

Heildarfjöldi þátttakenda í könnuninni var 694. Alls töldust 46 til brottfalls af ýmsum ástæðum. Einn var of veikur til að taka þátt, einn var fluttur úr landi og sem fyrr sagði gátu 44 einstaklingar ekki svarað könnuninni vegna tungumálaörðugleika. Nettósvarhlutfall var því 55% (sjá töflu i).

Tafla i. Framkvæmd símakönnunarinnar

Upplýsingasöfnun	1. desember 2011 – 3. janúar 2012
Framkvæmdarmáti	Símakönnun
Fjöldi í úrtaki fólks sem þáði fjárhagsaðstoð 2011	650
Fjöldi í úrtaki fólks á atvinnuleysisbótum 2011	650
Fjöldi svarenda sem þáðu fjárhagsaðstoð 2011	326
Fjöldi svarenda á atvinnuleysisbótum 2011	393
Brúttó svarhlutfall	55%
Nettó svarhlutfall	57%

Í töflu ii má sjá samanburð á kyni og aldri þeirra sem svöruðu símakönnuninni og kyni og aldri fólks í úrtakinu. Taflan sýnir að svarendur endurspeglar úrtakið vel hvað þessa þætti snertir.

Tafla ii. Hlutfallsleg skipting kyns og aldurs í úrtaki og meðal svarenda í símakönnun

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki
Kyn				
Karl	180	25%	360	28%
Kona	539	75%	940	72%
Aldur				
18 - 29 ára	242	34%	456	35%
30 til 39 ára	265	37%	493	38%
40 ára og eldri	212	29%	351	27%

Auk þess að ná til foreldra á fjárhagsaðstoð og atvinnuleysisbótum var könnuninni ætlað að gefa mynd af stöðu reykvískra foreldra á vinnumarkaði og var netpanell Félagsvísindastofnunar nýttur í þeim tilgangi. Netpanellinn samanstendur af fólki 18 ára og eldra af landinu öllu sem hringt var í eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Á bilinu 60-65% þeirra sem svara símakönnunum Félagsvísindastofnunar hafa samþykkt þátttöku í könnunum Félagsvísindastofnunar á vefnum. Til að uppfylla strangar aðferðarfæðilegar reglur um val á þátttakendum í netpanel er hann reglulega uppfærður svo hann samsvari dreifingu í þýði með tilliti til kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Í desember 2011 samanstóð netpanellinn af u.þ.b. 5.300 manns. Þar af voru 704 manns búsettir í Reykjavík og voru með barn á framfæri. Þann 13. janúar 2012 fengu þessir þátttakendur í

netpanelnum könnunina senda í tölvupósti og svöruðu henni á Netinu. Alls bárust 343 svör, sem er 49% svörun (sjá töflu iii).

Tafla iii. Framkvæmd netkönnunar

Upplýsingasöfnun	13.-17. janúar 2012
Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Fjöldi Reykvíkinga með börn í netpanel	704
Fjöldi svarenda	343
Svarhlutfall	49%

Tafla iv sýnir hlutfallslega skiptingu kyns og aldurs þátttakenda í netpanel Félagsvísindastofnunar sem búsettir voru í Reykjavík og höfðu fyrir barni að sjá og svörun í netkönnuninni. Taflan sýnir að svarendahópurinn endurspeglar netpanelinn nokkuð vel hvað kyn og aldur snertir.

Tafla iv. Hlutfallsleg skipting kyns og aldurs í netpanel og meðal svarenda í netkönnun

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki
<i>Kyn</i>				
Karl	118	34%	274	39%
Kona	225	66%	430	61%
<i>Aldur</i>				
18 - 29 ára	40	12%	87	12%
30 til 39 ára	146	43%	299	42%
40 ára og eldri	157	46%	318	45%

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfraði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum og myndum. Við hverja spurningu er fyrst birt tíðnitafla sem sýnir hlutfallslega dreifingu svara meðal þess hóps sem nýtti fjárhagsaðstoð á árinu 2011. Tíðnitöflurnar eru merktar með bókstafnum A, aftan við númer töflunnar. Á eftir hverri tíðnitöflu er birt bakgrunnstafla sem sýnir hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, menntun, hvaðan fólk fær tekjur til að framfleyta sér, lengd fjárhagsaðstoðar, heimilistekjum, hjúskaparstöðu, þjónustumiðstöð, tungumáli sem talað er á heimilinu, fjölda barna og í sumum tilvikum kyni og aldri barns. Bakgrunnstöflur eru táknaðar með bókstafnum B, fyrir aftan númer töflunnar. Loks er að finna töflur sem sýna samanburð milli þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í desember 2011, þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur á sama tíma og launafólks sem svaraði netkönnunni. Þessar töflur eru merktar með bókstafnum C.

Samanburðartöflurnar (töflur C) sýna niðurstöður fyrir hluta þeirra sem standa á bak við tíðnitöflurnar og bakgrunnstöflurnar. Í tíðnitöflum og bakgrunnstöflum eru niðurstöður fyrir alla þá sem þáðu fjárhagsaðstoð á árinu 2011 en í samanburðartöflunum er einungis notast við svör þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð í desember 2011. Svör þeirra sem þáðu fjárhagsaðstoð í desember 2011 eru í samanburðartöflunum annars vegar borin saman við svör þeirra sem voru atvinnulausir í desember 2011 og hins vegar þeirra sem voru í launaðri vinnu í desember. Foreldrar á atvinnuleysisbótum í samanburðartöflunum tilheyra því úrtaki sem kom frá Vinnumálastofnun en foreldrar í launaðri vinnu eru meðlimir í netpanel Félagsvísindastofnunar og svöruðu könnuninni á Netinu. Ástæða þess að einungis er miðað við svör þeirra sem nýttu sér fjárhagsaðstoð eða fengu atvinnuleysisbætur í desember, var til þess að ekki væri verið að bera svör þeirra sem ekki þáðu lengur fjárhagsaðstoð eða voru á atvinnuleysisbótum saman við svör reykvískra foreldra í launaðri vinnu, þar sem þessi hópur var í sumum tilvikum kominn í launaða vinnu.

Í öllum töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bakvið hverja töflu. Einnig eru birtar myndir þar sem það á við sem sýna hlutföll svarenda í afstöðu sinni til þeirra svarmöguleika sem í boði voru. Sums staðar sýna súlurnar í myndunum samlagningu tveggja hlutfalla sem birtast í töflunni. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa en t-próf og ANOVA voru notuð til að greina mun á meðaltölum. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal allra foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg eða atvinnuleysisbætur á árinu 2011. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Reynist marktæktarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin óg notuð. Í þeim tilvikum voru flokkar sameinaðir og marktækt aftur reiknuð. Þegar marktækt kom fram eftir þessa fækkun flokka, er niðurstaðan birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktæktarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM FORELDRA SEM ÞÁÐU FJÁRHAGSAÐTOÐ ÁRIÐ 2011

Eins og kom fram í kaflanum um úrvinnslu voru spurningar sem lagðar voru fyrir fólk sem þáði fjárhagsaðstoð árið 2011 bakgrunnsgreindar. Í þessum kafla er að finna hlutfallslega dreifingu svara á þeim bakgrunnsbreytum sem spurningar könnunarinnar voru greindar eftir. Þetta eru breyturnar kyn, aldur, menntun, hvaðan fólk fær tekjur til að framfleyta sér, lengd á fjárhagsaðstoð, heimilistekjur, hjúskaparstaða, þjónustumiðstöð, tungumál sem talað er á heimilinu og fjöldi barna. Þar sem margir svarflokkar voru fyrir nokkrar þessara breyta, voru valdir flokkar sameinaðir fyrir bakgrunnsgreininguna í kaflanum um niðurstöður.

Tafla 1a sýnir hlutfallslega dreifingu kyns meðal fólks sem fékk fjárhagsaðstoð á árinu 2011. Taflan sýnir að mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni var konur (91%). Greining á kyni þátttakenda leiddi í ljós að karlar sem þáðu fjárhagsaðstoð voru eldri en konur. Þannig voru 30% þeirra sem voru 40 ára og eldri karlar, en hlutfall karla á aldrinum 18 til 29 ára var einungis 3% og 7% í aldurshópnum 30 til 39 ára (sjá töflu 1b).

Tafla 1a. Kyn þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Karl	29	9%	3,1%	9%
Kona	297	91%	3,1%	91%
Fjöldi	326	100%		
Veit ekki	-			
Vil ekki svara	-			
Alls	326			

Tafla 1b. Kyn þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Karl	Kona	Fjöldi svara
Heild	9%	91%	326
Aldur ***			
18 til 29 ára	3%	97%	164
30 til 39 ára	7%	93%	109
40 og eldri	30%	70%	53
Menntun			
Grunnskólapróf	5%	95%	149
Framhaldsskólapróf	13%	87%	126
Háskólapróf	8%	92%	50
Framfærsla ^{ög}			
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	7%	93%	117
Í launaðri vinnu, fullu starfi	6%	94%	36
Í hlutastarfi/hlutastarfi og bætur/aðstoð	17%	83%	24
Á atvinnuleyfisbótum	14%	86%	43
Á námslánnum eða í fæðingarorlofi	9%	91%	57
Á örorkubótum/endurhæfingalífeyri	5%	95%	43
Hversu lengi hefur þú verið á fjárhagsaðstoð? ^{ög}			
Innan við ár	11%	89%	38
Eitt ár eða lengur	6%	94%	50
Heimilistekjur			
Lægri en 200 þús. kr.	5%	95%	113
200-399 þús. kr.	8%	92%	149
400 þús. eða hærrí	17%	83%	29

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög} gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Tafla 1b, frh. Kyn þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Karl	Kona	Fjöldi
Hjúskaparstaða ^{ög}			
Í hjónabandi/sambúð	34%	66%	44
Einhleyp(ur)/skilin(n)/ekkjja/ekkill	5%	95%	282
Þjónustumiðstöð ^{ög}			
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	17%	83%	30
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	5%	95%	42
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	8%	92%	71
Þjónustumiðstöð Breiðholts	10%	90%	90
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	4%	96%	46
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	11%	89%	47
Tungumál á heimili ^{ög}			
Eingöngu íslenska	8%	92%	266
Íslenska og annað tungumál	15%	85%	48
Annað/önnur tungumál en íslenska	17%	83%	12
Fjöldi barna			
Eitt barn	7%	93%	184
Tvö börn	13%	87%	99
Þrjú börn eða fleiri	5%	95%	40

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Mikilvægt er að gera greinarmun á þeim hópi sem stendur á bak við töflur 1a og 1b og þeim hópi sem stendur á bak við töflu 1c. Í töflu 1a og 1b er notast við svör allra þátttakenda í könnuninni meðal fólks sem þáði fjárhagsaðstoð á árinu 2011. Í ljós kom að einungis hluti þessa hóps fékk enn fjárhagsaðstoð í desember, þegar könnunin var framkvæmd. Í töflu 1c er aðeins notast við svör þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð í desember og þau annars vegar borin saman við svör reykvískra foreldra sem voru á atvinnuleysissskrá árið 2011 og fengu ennþá greiddar atvinnuleysisbætur í desember og hins vegar við svör foreldra sem svöruðu netkönnunni og kváðust vera í launaðri vinnu. Tafla 1c sýnir að hlutfall kvenna var hærra meðal foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð en foreldra á atvinnuleysisbótum og foreldra á vinnumarkaði í desember 2011.

Tafla 1c. Kyn þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð, voru á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu, 1. desember 2011 - Samanburður

	Karl	Kona	Fjöldi svara
Heild	31%	69%	557
Framfærsla ***			
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	7%	93%	117
Á atvinnuleysisbótum	37%	63%	159
Í launaðri vinnu	38%	62%	281

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{og} gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Meðalaldur þátttakenda í könnuninni var 30,6 ár (staðalfrávik = 8,4). Yngstu þátttakendurnir í könnuninni voru 18 ára og elsti þátttakandinn var 57 ára. Tafla 2a sýnir hlutfallslega skiptingu aldurs eftir að búið er að flokka þátttakendur í þrennt eftir aldri. Helmingur þátttakenda var á aldrinum 18 til 29 ára, þriðjungur á aldrinum 30 til 39 ára og 16% voru á fimmtugs eða sextugsaldri. Greining á aldri þátttakenda leiddi í ljós að karlar voru að meðaltali eldri en konur. Fólk með grunnskólapróf var að meðaltali yngri en fólk með framhaldsskóla- eða háskólapróf. Þá voru þátttakendur sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á þeim tíma sem könnunin var gerð yngri en þeir sem voru komnir í fullt starf eða voru á námslánnum eða fæðingarorlofi. Sömuleiðis kom fram aldursmunur eftir því hvar í Reykjavík fólk sótti félagslega þjónustu. Fólk sem búsett var í Laugardal og Háaleiti var að meðaltali eldra en fólk í Breiðholti og Árbæ og Grafarholti. Loks voru þátttakendur með eitt barn að meðaltali yngri en fólk með tvö börn eða þrjú börn eða fleiri (sjá töflu 2b).

Tafla 2a. Aldur þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
18-29 ára	164	50%	5,4%	50%
30-39 ára	109	33%	5,1%	33%
40 ára og eldri	53	16%	4,0%	16%
Fjöldi	326	100%		
Veit ekki	-			
Vil ekki svara	-			
Alls	326			

Tafla 2b. Aldur þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	18-29 ára	30-39 ára	40 ára og eldri	Fjöldi sv ara	Meðalaldur
Heild	50%	33%	16%	326	30,6
Kyn ***					
Karl	17%	28%	55%	29	39,9
Kona	54%	34%	12%	297	29,7
Menntun ***					
Grunnskólapróf	68%	22%	10%	149	27,3
Framhaldsskólapróf	40%	39%	21%	126	32,8
Háskólapróf	22%	54%	24%	50	35,2
Framfærsla ***					
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	68%	19%	14%	117	28,1
Í launaðri vinnu, fullu starfi	58%	25%	17%	36	29,6
Í hlutastarfi/hlutastarfi og bætur/aðstoð	21%	67%	13%	24	32,7
Á atvinnuleyfisbótum	33%	40%	28%	43	34,1
Á námslánnum eða í fæðingarorlofi	53%	37%	11%	57	30,4
Á örorkubótum/endurhæfingalífeyri	28%	53%	19%	43	33,4
Hversu lengi hefur þú verið á fj.aðst.?					
Innan við ár	53%	32%	16%	38	30,0
Eitt ár eða lengur	66%	20%	14%	50	28,3
Heimilistekjur					
Lægri en 200 þús. kr.	54%	31%	15%	113	29,8
200-399 þús. kr.	46%	38%	17%	149	31,4
400 þús. eða hærr	55%	31%	14%	29	30,3

Marktækur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$


Tafla 2b, frh. Aldur þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining



Marktækur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

Þegar aldur reykvískra foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð í desember 2011 var borinn saman við aldur foreldra á atvinnuleysisbótum og foreldra í launaðri vinnu, kom í ljós að meðalaldur foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð var lægri en þeirra sem fengu atvinnuleysisbætur eða voru í vinnu (sjá töflu 2c).

Tafla 2c. Aldur þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð, voru á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu, 1. desember 2011 - Samanburður



Marktækur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

Tafla 3a sýnir að næstum helmingur þátttakenda var með grunnskólapróf. Foreldrar á aldrinum 18 til 29 ára voru líklegri til að vera með grunnskólapróf en eldri foreldrar. Þá var hlutfall foreldra sem höfðu ekki menntað sig að loknu námi í grunnskóla hæst meðal fólks sem þáði fjárhagsaðstoð á þeim tíma sem könnunin fór fram og á meðal þeirra sem fengu örorkubætur eða endurhæfingarlífeyri. Þá var menntunarstig foreldra ólíkt eftir því í hvaða hverfi Reykjavíkur þeir voru búsettir. Þannig var hlutfall háskólamenntaðra hærra meðal þeirra sem sóttu félagslega þjónustu í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum eða Laugardal og Háaleiti en þeirra sem sóttu þjónustuna í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti eða Grafarvogi og Kjalarnesi (sjá töflu 3b).

Tafla 3a. Menntun þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf	149	46%	5,4%	46%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	70	22%	4,5%	22%
Starfsnám	17	5%	2,4%	5%
Verklegt framhald – iðnmenntun	33	10%	3,3%	10%
Próf úr sérskólum á háskólastigi	6	2%	1,5%	2%
Próf á háskólastigi (fyrsta gráða: BA, BEd, BS)	41	13%	3,6%	13%
Framhaldsnám í háskóla (MA, MS, doktorsnám)	9	3%	1,8%	3%
Fjöldi	325	100%		
Veit ekki	1			
Vil ekki svara	-			
Alls	326			

Tafla 3b. Menntun þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Grunn- skólapróf	Bóklegt framhald	Starfs- nám	Verklegt framhald	Sérskóli á háskóla- stigi	Háskóla- próf	Fram- haldsnám í háskóla	Fjöldi svara
Heild	46%	22%	5%	10%	2%	13%	3%	325
Kyn^{ög} (-)								
Karl	29%	29%	4%	25%	0%	11%	4%	36
Kona	47%	21%	5%	9%	2%	13%	3%	438
Aldur^{ög} (***)								
18 til 29 ára	62%	17%	6%	7%	1%	6%	1%	264
30 til 39 ára	30%	26%	5%	12%	3%	19%	6%	142
40 og eldri	28%	26%	4%	17%	2%	19%	4%	68
Framfærsla^{ög} (***)								
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	61%	15%	6%	10%	1%	6%	2%	188
Í launaðri vinnu, fullu starfi	36%	19%	8%	6%	6%	19%	6%	49
Í hlutastarfi/hlutastarfi og bætur/aðstoð	30%	26%	4%	17%	0%	17%	4%	30
Á atvinnuleyfisbótum	42%	14%	2%	21%	0%	16%	5%	61
Á námslánnum eða í fæðingarorlofi	16%	44%	5%	7%	4%	21%	4%	66
Á örorkubótum/endurhæfingalífeyri	63%	16%	5%	5%	2%	9%	0%	70
Hversu lengi hefur þú verið á fj.aðst.?^{ög} (-)								
Innan við ár	45%	16%	13%	11%	0%	11%	5%	55
Eitt ár eða lengur	64%	14%	2%	14%	2%	4%	0%	82
Heimilistekjur^{ög} (-)								
Lægri en 200 þús. kr.	49%	16%	7%	12%	1%	12%	4%	168
200-399 þús. kr.	44%	24%	4%	10%	3%	13%	1%	215
400 þús. eða hærra	31%	34%	3%	10%	3%	10%	7%	38

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög} gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir Bóklegt framhald, Starfsnám og Verklegt framhald *annars vegar* og Sérskóli á háskólastigi, Háskólapróf og Framhaldsnám í háskóla *hins vegar* voru sameinaðir í tölfærðiuinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Tafla 3b, frh. Menntun þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 – Bakgrunns- greining

	Grunn- skólapróf	Bóklegt framhald	Starfs- nám	Verklegt framhald	Sérskóli á háskóla- stigi	Háskóla- próf	Fram- haldsnám í háskóla	Fjöldi svara
Hjúskaparstaða^{ög (-)}								
Í hjónabandi/sambúð	40%	30%	2%	7%	0%	16%	5%	60
Einhleyp(ur)/skilin(n)/ekkja/ekkill	47%	20%	6%	11%	2%	12%	2%	414
Þjónustumiðstöð^{ög (***)}								
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	23%	30%	7%	3%	7%	27%	3%	37
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	26%	29%	0%	19%	5%	14%	7%	53
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	42%	14%	7%	10%	1%	23%	3%	101
Þjónustumiðstöð Breiðholts	55%	16%	6%	12%	1%	7%	3%	138
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	57%	28%	9%	2%	0%	4%	0%	72
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	55%	26%	2%	11%	0%	6%	0%	73
Tungumál á heimili^{ög (ög)}								
Eingöngu íslenska	48%	20%	6%	11%	2%	11%	2%	393
Íslenska og annað tungumál	44%	29%	0%	6%	0%	15%	6%	69
Annað/önnur tungumál en íslenska	9%	18%	0%	18%	0%	45%	9%	12
Fjöldi barna^{ög (-)}								
Eitt barn	50%	20%	3%	10%	3%	13%	2%	276
Tvö börn	36%	23%	9%	12%	1%	13%	5%	133
Þrjú börn eða fleiri	50%	28%	3%	8%	0%	13%	0%	60

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir Bóklegt framhald, Starfsnám og Verklegt framhald *annars vegar* og Sérskóli á háskólastigi, Háskólapróf og Framhaldsnám í háskóla *hins vegar* voru sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Tafla 3c sýnir að 61% reykvískra foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í desember 2011 voru með grunnskólapróf. Hið sama átti við um einungis 6% foreldra í launaðri vinnu. Þá höfðu 64% launafólks lokið háskólanámi eða framhaldsnámi í háskóla. Það höfðu aftur á móti einungis 8% foreldra á fjárhagsaðstoð gert.

Tafla 3c. Menntun þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð, voru á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu, 1. desember 2011 - Samanburður

	Grunn- skólapróf	Bóklegt framhald	Starfs- nám	Verklegt framhald	Sérskóli á háskóla- stigi	Háskóla- próf	Fram- haldsnám í háskóla	Fjöldi sv ara
Heild	23%	13%	6%	11%	4%	27%	17%	546
Framfærsla ***								
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	61%	15%	6%	10%	1%	6%	2%	117
Á atvinnuleysisbótum	23%	17%	6%	18%	3%	23%	11%	158
Í launaðri vinnu	6%	10%	6%	8%	6%	38%	26%	271

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^ogögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Tafla 4a sýnir að hlutfallslega flestir þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2011, fengu enn fjárhagsaðstoð í desember, þegar gagnaöflun stóð yfir (28%) og 14% fengu fjárhagsaðstoð í formi námsstyrks. Taflan sýnir enn fremur að staða margra hafði breyst á árinu. Til dæmis voru 11% í fullu starfi þegar könnunin var framkvæmd í desember 2011.

Tafla 4a. Hvaðan færð þú tekjur til að framfleyta þér? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Fæ fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	92	28%	4,5%	28%
Er atvinnulaus á bótum frá VMST	63	19%	3,9%	19%
Er nemi á námslánnum	53	16%	3,7%	16%
Er nemi á námsstyrk frá Reykjavíkurborg	46	14%	3,4%	14%
Fæ endurhæfingalífeyri frá TR	37	11%	3,1%	11%
Er í launaðri vinnu, fullu starfi	36	11%	3,1%	11%
Er í launaðri vinnu, hlutastarfi	32	10%	2,9%	10%
Fæ örorkubætur frá TR	16	5%	2,1%	5%
Fæ fæðingarorlofsgreiðslur	10	3%	1,7%	3%
Hef engar tekjur	5	2%	1,2%	2%
Fæ tekjur annars staðar frá	2	1%	0,8%	1%
Fæ leigutekjur	1	0%	0,5%	0%
Fjöldi svara	393	121%		
Fjöldi svarenda	325		Nefna mátti fleiri en eitt atriði. Þess vegna er hlutfall svarenda alls yfir 100%	
Veit ekki	-			
Vil ekki svara	1			
Alls	326			

Í töflu 4b er búið að endurflokka svör þátttakenda þannig að hver svarandi tilheyrir einungis einum hópi. Þannig voru svarendur sem sögðust vera á fjárhagsaðstoð og námsstyrk skilgreindir sem fólk sem fékk fjárhagsaðstoð og sömuleiðis var fólk sem kvaðst vera á fjárhagsaðstoð og öðrum bótum samhliða skilgreint sem fólk sem fékk fjárhagsaðstoð. Við þessa flokkun er miðað í bakgrunnsgreiningunni hér á eftir.

Tafla 4b sýnir að fólk á aldrinum 18 til 29 ára var líklegra til að þiggja fjárhagsaðstoð en fólk sem var 30 ára eða eldra. Þátttakendur með grunnskólapróf voru einnig líklegri til að fá fjárhagsaðstoð en fólk sem lokið hafði framhaldsskólaprófi eða prófi úr háskóla.

Tafla 4b. Hvaðan færð þú tekjur til að framfleyta þér? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Á fjárhags- aðstoð	Í fullu starfi	Í hlutastarfi/ og bótum	Á atvinnu- leysis- bótum	Á námslánunum eða í fæð- ingarorlofi	Á örorku- bótum eða endur- hæfingar- lífeyri	Fjöldi svara
Heild	37%	11%	8%	13%	18%	13%	320
Kyn^{ög}							
Karl	30%	7%	15%	22%	19%	7%	27
Kona	37%	12%	7%	13%	18%	14%	293
Aldur^{***}							
18 til 29 ára	49%	13%	3%	9%	19%	7%	161
30 til 39 ára	20%	8%	15%	16%	19%	21%	108
40 og eldri	31%	12%	6%	24%	12%	16%	51
Menntun^{***}							
Grunnskólapróf	49%	9%	5%	12%	6%	19%	145
Framhaldsskólapróf	30%	11%	9%	13%	27%	10%	124
Háskólapróf	18%	18%	10%	18%	28%	8%	50
Heimilistekjur^{ög}							
Lægri en 200 þús. kr.	55%	3%	6%	13%	18%	4%	112
200-399 þús. kr.	26%	12%	7%	12%	21%	21%	147
400 þús. eða hærrí	3%	45%	17%	14%	14%	7%	29

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Tafla 4b, frh. Hvaðan færð þú tekjur til að framfleyta þér? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Á fjárhags- aðstoð	Í fullu starfi	Í hlutastarfi/ hlutastarfi og bótum	Á atvinnu- ley sis- bótum	Á námslánnum eða í fæð- ingarorlofi	Á örorku- bótum eða endur- hæfingar- lífeyri	Fjöldi svara
Hjúskaparstaða **							
Í hjónabandi/sambúð	15%	15%	12%	27%	27%	5%	41
Einhley p(ur)/skilin(n)/ekkjja/ekkill	40%	11%	7%	11%	16%	15%	279
Þjónustumiðstöð ^{ög}							
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	34%	17%	10%	7%	24%	7%	29
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	24%	10%	10%	14%	31%	12%	42
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	36%	14%	7%	16%	20%	6%	69
Þjónustumiðstöð Breiðholts	42%	12%	7%	9%	9%	21%	89
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	38%	11%	7%	9%	20%	16%	45
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	39%	2%	7%	26%	13%	13%	46
Tungumál á heimili ^{ög}							
Eingöngu íslenska	39%	11%	7%	11%	17%	14%	263
Íslenska og annað tungumál	24%	11%	2%	27%	22%	13%	45
Annað/önnur tungumál en íslenska	25%	8%	33%	25%	8%	0%	12
Fjöldi barna							
Eitt barn	38%	10%	7%	14%	19%	11%	181
Tvö börn	39%	10%	7%	14%	17%	12%	98
Þrjú börn eða fleiri	21%	16%	11%	11%	13%	29%	38

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Svarendur, sem framfleyttu sér með fjárhagsaðstoð eða námsstyrk voru spurðir hve lengi þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð. Tafla 5a sýnir að 43% höfðu fengið fjárhagsaðstoð í innan við ár og 57% höfðu fengið fjárhagsaðstoð í eitt ár eða lengur. Í töflu 5b er spurningin um lengd fjárhagsaðstoðar greind eftir bakgrunni þátttakenda. Vegna fámennis er ekki hægt að segja til um hvort lengd fjárhagsaðstoðar hafi tölfræðilega marktæk tengsl við kyn, menntun, heimilistekjur, hjúskaparstöðu, þjónustumiðstöð og tungumál á heimili.

Tafla 5a. Hve lengi hefur þú fengið fjárhagsaðstoð? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Skemur en ár	38	43%	10,3%	43%
Eitt ár eða lengur	50	57%	10,3%	57%
Fjöldi	88	100%		
Fæ ekki fjárhagsaðstoð	209			
Veit ekki	-			
Vil ekki svара	29			
Alls	326			

Tafla 5b. Hve lengi hefur þú fengið fjárhagsaðstoð? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Skemur en ár	Eitt ár eða lengur	Fjöldi sv ara	Hlutfall sem hefur fengið fjárhagsaðstoð skemur en ár
Heild	43%	57%	326	43%
Kyn ^{ög}				
Karl	57%	43%	7	57%
Kona	42%	58%	81	42%
Aldur				
18 til 29 ára	38%	62%	53	38%
30 til 39 ára	55%	45%	22	55%
40 og eldri	46%	54%	13	46%
Menntun ^{ög}				
Grunnskólapróf	35%	65%	49	35%
Framhaldsskólapróf	48%	52%	31	48%
Háskólapróf	75%	25%	8	75%
Heimilistekjur ^{ög}				
Lægri en 200 þús. kr.	53%	47%	49	53%
200-399 þús. kr.	36%	64%	28	36%
400 þús. eða hærrí	0%	0%	0	0%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 5b, frh. Hve lengi hefur þú fengið fjárhagsaðstoð? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Skemur en ár	Eitt ár eða lengur	Fjöldi svara	Hlutfall sem hefur fengið fjárhagsaðstoð skemur en ár
Hjúskaparstaða ^{ög}				
Í hjónabandi/sambúð	33%	67%	3	33%
Einhleyp(ur)/skilin(n)/ekkjja/ekkill	44%	56%	85	44%
Þjónustumiðstöð ^{ög}				
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	57%	43%	7	57%
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	14%	86%	7	14%
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	53%	47%	19	53%
Þjónustumiðstöð Breiðholts	53%	47%	30	53%
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	23%	77%	13	23%
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	33%	67%	12	33%
Tungumál á heimili ^{ög}				
Eingöngu íslenska	45%	55%	80	45%
Íslenska og annað tungumál	17%	83%	6	17%
Annað/önnur tungumál en íslenska	50%	50%	2	50%
Fjöldi barna				
Eitt barn	44%	56%	43	44%
Tvö börn	47%	53%	34	47%
Þrjú börn eða fleiri	33%	67%	9	33%

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,
^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Að meðaltali voru þátttakendur með 242 þúsund krónur í mánaðarlegar heimilistekjur. Tafla 6a sýnir að 39% þátttakenda voru með undir 200 þúsund krónum í heimilistekjur, fyrir skatta og önnur gjöld, ríflega helmingur var með á bilinu 200 til 399 þúsund krónur og einungis 10% voru með 400 þúsund krónur eða hærri tekjur. Meðalheimilistekjur fólks í fullu starfi voru hærri en annarra sem þáðu fjárhagsaðstoð á árinu 2011. Þá kom í ljós að fólk sem hafði þegið fjárhagsaðstoð í eitt ár eða lengur bjó á heimili með hærri meðaltekjur en fólk sem hafði fengið aðstoð í innan við ár. Loks þarf ekki að koma á óvart að heimilistekjur einhleypra/fráskildra/ekkla/ekkna voru að meðaltali lægri en heimilistekjur fólks sem var í sambúð eða hjónabandi (sjá töflu 6b).

Tafla 6a. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	Hlutfall
			+/-	
Lægri en 200 þús. kr.	113	39%	5,6%	39%
200-399 þús. kr.	149	51%	5,7%	51%
400 þús eða hærri	29	10%	3,4%	10%
Fjöldi	291	100%		
Hef engar tekjur	2			
Veit ekki	28			
Vil ekki svara	5			
Alls	326			

Tafla 6b. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Lægri en			Fjöldi svara	Meðaltekjur heimilisins í þús. kr
	200 þús. kr.	200-399 þús. kr.	400 þús. eða hærri		
Heild	39%	51%	10%	291	242,0
Kyn					
Karl	26%	52%	22%	24	273,5
Kona	40%	51%	9%	277	239,3
Aldur					
18 til 29 ára	42%	47%	11%	147	243,9
30 til 39 ára	35%	56%	9%	104	245,8
40 og eldri	37%	54%	9%	50	228,1
Menntun					
Grunnskólapróf	42%	51%	7%	135	226,0
Framhaldsskólapróf	35%	52%	13%	120	259,3
Háskólapróf	39%	50%	11%	46	243,5
Framfærsla ***					
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	61%	38%	1%	103	185,7
Í launaðri vinnu, fullu starfi	9%	53%	38%	36	369,7
Í hlutastarfi/hlutastarfi og bætur/aðstoð	30%	48%	22%	24	281,7
Á atvinnuleysisbótum	41%	49%	11%	38	244,4
Á námslánum eða í fæðingarorlofi	36%	56%	7%	55	243,5
Á örorkubótum/endurhæfingalífeyri	13%	82%	5%	41	256,2
Hversu lengi hefur þú verið á fjárhagsaðstoð? *					
Innan við ár	72%	28%	0%	37	165,5
Eitt ár eða lengur	56%	44%	0%	42	191,5

Marktækur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

0 100 200 300 400 500

Tafla 6b, frh. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Lægri en			Fjöldi sv ara	Meðaltekjur heimilisins í þús. kr
	200 þús. kr.	200-399 þús. kr.	400 þús eða hærri		
Hjúskaparstaða ***					
Í hjónabandi/sambúð	11%	46%	43%	37	383,4
Einhley p(ur)/skilin(n)/ekkjja/ekkill	43%	52%	5%	264	221,4
Þjónustumiðstöð					
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	24%	62%	14%	30	254,1
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	41%	51%	8%	39	229,6
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	41%	51%	8%	68	228,6
Þjónustumiðstöð Breiðholts	39%	51%	10%	81	246,3
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	36%	49%	15%	40	257,3
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	45%	48%	7%	43	243,3
Tungumál á heimili					
Eingöngu íslenska	39%	51%	10%	251	238,4
Íslenska og annað tungumál	38%	51%	10%	39	263,9
Annað/önnur tungumál en íslenska	44%	44%	11%	11	246,7
Fjöldi barna					
Eitt barn	41%	50%	8%	169	235,1
Tvö börn	40%	52%	8%	91	234,8
Þrjú börn eða fleiri	23%	57%	20%	39	288,5

Marktekur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

Tafla 6c sýnir meðalheimilistekjur reykvískra foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð í desember, foreldra sem fengu atvinnuleysisbætur á sama tíma og heimilistekjur foreldra í launaðri vinnu. Munur var á meðalheimilistekjum reykvískra foreldra eftir því hvaðan þeir fengu tekjur til að framfleyta sér. Meðaltekjur á heimili foreldra í launaðri vinnu voru 944 þúsund krónur, fyrir skatt. Til samanburðar voru heimilistekjur foreldra á fjárhagsaðstoð 186 þúsund krónur, að meðaltali, og foreldra á atvinnuleysisbótum 361 þúsund krónur. Við samanburð á heimilistekjum var ekki tekið tillit til hjúskaparstöðu. Lægri heimilistekjur foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð skýrist að einhverju leiti af því að foreldrar sem voru í launaðri vinnu voru mun líklegri til að vera í hjónabandi eða sambúð en foreldrar sem nýttu sér fjárhagsaðstoð í desember 2011.

Tafla 6c. Hversu miklar voru heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði, svona um það bil, fyrir skatt? - Samanburður á foreldrum sem þáðu fjárhagsaðstoð, voru á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu, 1. desember 2011

	Lægri en 200 þús. kr.	200-399 þús. kr.	400 þús. eða hæri	Fjöldi svara	Meðalheimilistekjur í þús. kr.
Heild	18%	29%	53%	878	473,7
Framfærsla ***					
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	53%	33%	15%	116	186,2
Á atvinnuleysisbótum	21%	28%	51%	159	360,8
Í launaðri vinnu	0%	2%	98%	125	943,6

Marktækur munur er á meðaltölum hópa; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$

Tafla 7a sýnir að meirihluti þátttakenda var einhleypur. Fólk sem fékk fjárhagsaðstoð eða örorkubætur/endurhæfingarlífeyri var líklegra til að vera einhleyp eða fráskilið en fólk sem var komið í launaða vinnu eða á atvinnuleysisbótum. (sjá töflu 7b).

Tafla 7a. Hver er hjúskaparstaða þín? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Einhleyp(ur)	255	78%	4,5%	78%
Gift/kvæntur/í staðfestri samvist	18	6%	2,5%	6%
Skráð sambúð	15	5%	2,3%	5%
Óskráð sambúð	11	3%	2,0%	3%
Er í sambandi en ekki í sambúð	15	5%	2,3%	5%
Skilin/n að borði og sæng/fráskilin(n)	10	3%	1,9%	3%
Ekkill/ekkja	2	1%	0,8%	1%
Fjöldi	326	100%		
Veit ekki	-			
Vil ekki svara	-			
Alls	326			

Tafla 7b. Hver er hjúskaparstaða þín? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Einhleyp(ur)	Gift/kvæntur/ í staðfestri samvist	Skráð sambúð	Óskráð sambúð	Er í sambandi en ekki í sambúð	Skilin/n að borði og sæng/ fráskilin(n)	Ekkil/ekkja	Fjöldi svara
Heild	78%	6%	5%	3%	5%	3%	1%	326
Kyn ^{óg} (^{óg})								
Karl	34%	45%	7%	0%	3%	7%	3%	29
Kona	82%	2%	4%	4%	5%	3%	0%	297
Aldur ^{óg} (-)								
18 til 29 ára	81%	2%	6%	4%	7%	0%	0%	164
30 til 39 ára	76%	6%	5%	5%	2%	6%	1%	109
40 og eldri	74%	15%	0%	0%	4%	6%	2%	53
Menntun ^{óg} (-)								
Grunnskólapróf	81%	4%	5%	2%	6%	0%	1%	149
Framhaldsskólapróf	79%	6%	3%	5%	2%	5%	0%	126
Háskólapróf	68%	8%	6%	4%	6%	8%	0%	50
Framfærsla ^{óg} (**)								
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	89%	3%	2%	1%	4%	2%	0%	117
Í launaðri vinnu, fullu starfi	67%	3%	6%	8%	14%	3%	0%	36
Í hlutastarfi/hlutastarfi og bætur/aðstoð	75%	8%	8%	4%	0%	4%	0%	24
Á atvinnuleysisbótum	65%	14%	7%	5%	2%	5%	2%	43
Á námslánum eða í fæðingarorlofi	72%	7%	7%	5%	5%	4%	0%	57
Á örorkubótum/endurhæfingalífeyri	88%	2%	0%	2%	2%	5%	0%	43
Hversu lengi hefur þú verið á fj.aðst.? ^{óg} (^{óg})								
Innan við ár	89%	3%	0%	0%	3%	5%	0%	38
Eitt ár eða lengur	96%	2%	0%	2%	0%	0%	0%	50
Heimilistekjur ^{óg} (***)								
Lægri en 200 þús. kr.	88%	1%	2%	1%	4%	4%	1%	113
200-399 þús. kr.	83%	5%	5%	2%	3%	2%	1%	149
400 þús. eða hærrí	31%	17%	17%	21%	10%	3%	0%	29

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{óg}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Tafla 7b, frh. Hver er hjúskaparstaða þín? Þátttakendur sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 - Bakgrunnsgreining

	Einhleyp(ur)	Gift/kvæntur/ í staðfestri samvist	Skráð sambúð	Óskráð sambúð	Er í sambandi en ekki í sambúð	Skilin/n að borði og sæng/ fráskilin(n)	Ekkil/ekkja	Fjöldi svara
Þjónustumiðstöð ^{ög} (-)								
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	73%	10%	10%	3%	0%	3%	0%	30
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	88%	2%	2%	0%	2%	5%	0%	42
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	79%	1%	7%	4%	6%	1%	1%	71
Þjónustumiðstöð Breiðholts	74%	7%	2%	3%	8%	6%	0%	90
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	78%	2%	9%	7%	2%	2%	0%	46
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	79%	13%	0%	2%	4%	0%	2%	47
Tungumál á heimili ^{ög} (-)								
Eingöngu íslenska	80%	4%	5%	3%	5%	3%	1%	266
Íslenska og annað tungumál	69%	15%	2%	6%	6%	2%	0%	48
Annað/önnur tungumál en íslenska	67%	8%	0%	8%	0%	17%	0%	12
Fjöldi barna ^{ög} (-)								
Eitt barn	77%	3%	5%	4%	7%	3%	1%	184
Tvö börn	82%	9%	2%	1%	3%	3%	0%	99
Þrjú börn eða fleiri	73%	8%	8%	8%	0%	5%	0%	40

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir *Einhleyp(ur)*, *Í sambandi*, *Skilin()* að borði og sæng og *Ekkja/ekkill* annars vegar og *Giftur/kvæntur/í staðfestri samvist*, *Í skráðri sambúð* og *Í óskráðri sambúð* hins vegar voru sameinaðir í tölfræðiúrv innslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Tafla 7c sýnir hópinn sem fékk fjárhagsaðstoð í desember 2011 (þegar gagnaöflun stóð yfir) í samanburði við þá svarendur sem tilheyrðu úrtakinu sem fékkst frá Vinnuálastofnun sem voru enn á atvinnuleysisbótum í desember og þá sem svöruðu netkönnuninni sem voru í launaðri vinnu. Taflan sýnir að foreldrar á fjárhagsaðstoð voru líklegri til að vera einhleypir/fráskildir/ekklar/ekkjur, en foreldrar á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu.

Tafla 7c. Hver er hjúskaparstaða þín? - Samanburður á foreldrum sem þáðu fjárhagsaðstoð, voru á atvinnuleysisbótum eða í launaðri vinnu, 1. desember 2011

	Einhleyp(ur)	Gift/kvæntur/ í staðfestri		Óskráð sambúð	Er í sambandi en ekki í sambúð	Skilin/n að borði og sæng/ fráskilin(n)	Ekkil/ekkja	Fjöldi svara
		samvist	Skráð sambúð					
Heild	28%	44%	21%	2%	1%	4%	0,2%	556
Framfærsla^{ög} (***)								
Fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg	89%	3%	2%	1%	4%	2%	0,0%	117
Á atvinnuleysisbótum	24%	38%	25%	6%	0%	7%	0,0%	158
Í launaðri vinnu	5%	65%	26%	0%	1%	3%	0,4%	281

Marktækur munur er á hópum; * $p < 0.05$, ** $p < 0.01$, *** $p < 0.001$,

^{ög}gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

Flokkarnir *Einhleyp(ur)*, *Í sambandi*, *Skilin(n) að borði og sæng* og *Ekkja/ekkil* annars vegar og *Giftur/kvæntur/í staðfestri samvist*, *Í skráðri sambúð* og *Í óskráðri sambúð* hins vegar voru sameinaðir í tölfraediúrvinnslu og er marktækt táknuð innan sviga.

Tafla 8a sýnir að hlutfallslega flestir nýttu sér félagslega þjónustu í Breiðholti (28%) og næstflestir í Laugardal og Háaleiti (22%). Greining á því hvar þátttakendur sóttu þjónustu leiddi í ljós að hlutfall háskólamenntaðra var hæst í Laugardal og Háaleiti en hlutfall fólks með grunnskólapróf var hæst í Breiðholti (sjá töflu 8b).

Tafla 8a. Þjónustumiðstöð þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk	
			+/-	Hlutfall
Þjónustumiðstöð Vesturbæjar	30	9%	3,1%	9%
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða	42	13%	3,6%	13%
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis	71	22%	4,5%	22%
Þjónustumiðstöð Breiðholts	90	28%	4,9%	28%
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts	46	14%	3,8%	14%
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness	47	14%	3,8%	14%
Fjöldi	326	100%		
Veit ekki	-			
Vil ekki svara	-			
Alls	326			

**Tafla 8b. Þjónustumiðstöð þátttakenda sem þáðu fjárhagsaðstoð árið 2011 -
Bakgrunnsgreining**

	Vestur- bær	Miðborg og Hlíðar	Laugar- dalur og Háaleiti	Breiðholt	Árbær og Grafarholt	Grafar- vogur og Kjalarnes	Fjöldi svara
Heild	9%	13%	22%	28%	14%	14%	326
Kyn ^{ög}							
Karl	17%	7%	21%	31%	7%	17%	29
Kona	8%	13%	22%	27%	15%	14%	297
Aldur							
18 til 29 ára	9%	10%	16%	33%	17%	15%	164
30 til 39 ára	11%	18%	23%	24%	12%	12%	109
